Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Agnar Bragi Guðmundsson

Bjarni Benediktsson – Agnar Bragi Guðmundsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

R.vík 12 des. 1942

Velvirti herra borgarstjóri!
Bjarni Benidiksson R.vík.

Jeg bið Iður að fyrirgjefa þó jeg ráði það af að senda Iður þessar línur, og er það einungis fyrir gott traust er jeg ber til Iðar fremur öðrum.

Svo stendur á að jeg hef notið örorkustyrks hjer að undanförnu, sem jeg þakka af heilum hug þá miklu hjálp. Nú er það mín vinsamleg bón til Iðar, að þjer hlutist til um að sá styrkur minn og eins konu minnar Guðrúnar Sigurðardóttur sjeu það ríflegaðir sem frekast er hægt að forsvara gagnvart öðrum, okkur er algjörlega ómugulegt að lifa á því nú orðið þegar ekkert er annað að styðjast við, borga þar af húsaleigu, ljós, hita, o. s. frv. hvað vel sem á er haldið og hver eyrir vel passaður að ekki fari til nema brínustu nauðsinja.

Jeg get búist við að jeg baki Iður lítilsháttar óþægindi með þessu kvabbi mínu, en jeg vel taka það fram að jeg vildi ekki gjöra það að daglegum vana að senda Iður þessu líkt erindi, bæði veit jeg ~~að~~ vel að þjer eruð miklum störfum hlaðinn, en það eru svo sárnir menn að þeir hafa altaf tíma til als að virðist vera, og jeg held Iður einn þeirra, já því ekki þá að nota sjer það í vandræðum mínum, og annað hitt þó jeg segje frá sjálfur, þá er mjer annað margt ljúfara en að standa betlandi frammi fyrir mönnum.

Ef þjer vilduð vita nokkuð um mig, hvort væri um mann að ræða eða ómenni, þá gjetið þjer fengið bestar upplísingar hjer nú við hendina, hjá Jóni Pálmasyni alþingismanni, jeg veit þjer trúðuð honum, jafn sann heiðarlegum manni og dreng hinum besta.

Núna um daginn sagði maður við mig, að nú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri Árni frá Múla oddamaður í bæjarstjórn og það skildi jeg sanna að innan skams irði hann borgarstjóri, jeg sagði hanum að fyrst og fremst væri als ekki skifta vant, og annað hitt vissi jeg R.víkinga meiri smekkmenn en það að fara að velja sjer pólitískt ber=rassaðan borgar stjóra.

Jeg setti þetta að gamni, bara til þjer fenguð hugmind um hvar jeg hef staðið stend stend og mun standa svo lengi. Þarna hugsið þjer þegar þjer lesið þetta, þarna ætlar karlfauskurinn heldur in ekki að slá sjer upp í ábatavon, og læt jeg yður algjörlega um það. (Jeg óska Iður gleðilegra Jóla)

Með fullri vinsemd og virðingu

Agnar Bragi Guðmundsson
Njarðargötu 29
R.vík

Herra borgarstjóri
Bjarni Benediktsson R.vík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur